

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer:	20. fundur stjórnar FRÍ 2024-2026
Auglýstur tími:	Mánudagur 24. nóvember 2025 (20.00 til 21.00)
Staðsetning:	Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Google Meet.
Fundarstjórn:	Freyr Ólafsson
Fundarritun:	Haukur Björnsson
Fundarmæting:	Aðalstjórn: Auður Árnadóttir (AÁ), Freyr Ólafsson (FÓ), Haukur (HB), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Sveinn Margeirsson (SM) Varastjórn: Rannveig Oddsdóttir (RO) Forfölluð: Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP), Björgvin Víkingsson (BV), Hallgrímur Egilsson (HE), Hjördís Ólafsdóttir (HÓ) Skrifstofa: Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ Gestir: -

Fundur settur kl. 20.03.

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt 
- Fundargerðir: Fundargerðir stjórnarfundar nr. 18. og 19. samþykktar samhljóða.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: Engin rafrænt afgreidd erindi.

2. Kjör nýrra formanna tveggja fastanefnda FRÍ

a) Skráningarnefnd

FÓ leggur til að Unnur Björnsdóttir verði formaður skráningarnefndar, sem hún hefur í raun sinnt undanfarin misseri. Samþykkt samhljóða.

b) Unglinganefnd

SSJ leggur til að Hildur Helga Einarsdóttir verði formaður unglínganefndar. Samþykkt samhljóða.

3. Formannafundur FRÍ – undirbúningur

Undirbúningur er langt kominn. AÁ er að leggja lokahönd á kynningu á rekstraráætlun FRÍ fyrir árið 2026. Unnur Björnsdóttir mun kynna innleiðingu skráningarkerfisins Tilistopaja (Roster).

4. Uppskeruhátíð og frjálsíþróttaping – Framboðsmál

- Uppskeruhátíð FRÍ fyrir árið 2025 mun fara fram þann 19. desember nk. Starfsfólk skrifstofu FRÍ er að undirbúa hátíðina.
- Lagt til að tímasetning 65. Frjálsíþróttapings verði færð fram um eina helgi, þannig að það fari fram dagana 10. og 11. apríl. Þingið yrði haldið í ÍR heimilinu. Samþykkt samhljóða.

5. Mótamál

- GK tilkynnti að RÚV verði ekki með beina útsendingu frá frjálsíþróttamóti Reykjavík International Games (RIG) vegna óhentugrar tímasetningar. Verið að skoða hvort fýsilegt sé að flytja viðburðinn til í tíma, ellegar mögulega fella viðburðinn niður.

6. Skráningar og tæknimál

Skráningarnefnd og framkvæmdastjóri eru að vinna að innleiðingu Roster Athletics og Tiliastopaja.

7. Önnur mál

- GK kynnti tillögur að seinni úthlutun afrekssjóðs FRÍ. Umræður.

- GK og FÓ voru fulltrúar á formannafundi ÍSÍ sem haldinn var á Akranesi þann 21. nóvember sl.
- SSJ og GK fóru yfir mannabreytingar á skrifstofu FRÍ sem eru framundan. Umræður um mönnun skrifstofunnar til framtíðar. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa ráðningu nýs útbreiðslu- og fræðslustjóra, og skoða jafnframt hvort tilefni sé til að gera breytingar á starfslýsingu og skipulagi skrifstofu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21.30.

Fylgigögn:

- Engin fylgigögn.